

Aukafundur hreppsnefndar

Föstudaginn 9. júní 2006 kom hreppsnefnd Þórshafnarhrepps saman til fundar í fundarstofu Þórshafnarhrepps að Fjarðarvegi 3.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Hulda Sigurðardóttir, Siggeir Stefánsson og Kristján Indriðason.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10:00.

Oddviti óskaði eftir því að bæta í dagskrá og yrði það 5. liður á dagskránni í “Langanesvegur. Skoruvík – Fontur”. Þessi viðbót við áður útsenda dagskrá var samþykkt samhljóða.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- | Hreppsnefndarfundur, 11.04.06. Lögð fram.
- | Hreppsnefndarfundur, 19.04.06. Lögð fram.
- | Hreppsnefndarfundur, 28.04.06. Lögð fram.
- | Hreppsnefndarfundur 12.05.06. Lögð fram.
- | Húsnæðisnefnd, 12.04.06. Samþykkt samhljóða.
- | Umhverfisnefnd, 21.04.06. Samþykkt samhljóða.
- | Umhverfisnefnd, 04.05.06. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að taka til skoðunar ábendingu varðandi mögulegan flutning á gámasvæði.
- | Húsnæðisnefnd, 12.05.06. Samþykkt samhljóða.
- | Hafnarnefnd, 18.05.06. Samþykkt samhljóða.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- | Dvalarheimilið Naust, 04.05.06. Lögð fram.
- | Heilbrigðisn. Norðurl.eystra, 90. fundur. Lögð fram.
- | Heilbrigðisn. Norðurl.eystra, 91. fundur. Lögð fram.
- | Eyþing. Stjórnarfundur, 24.04.06. Lögð fram.
- | Eyþing. Nefnd um menningarsamstarf, 25.04.06.
- | Héraðsnefnd Þing. 01.03.06. Lögð fram.
- | Héraðsnefnd Þing. 12.04.06. Lögð fram.

3. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti greinagóða skýrslu m.a. gerði sveitarstjóri grein fyrir samningi um Eyrarveg 6 og var sveitastjóra falið að sjá til þess að húsið verði jafnað við jörðu og að gengið verði frá lóðinni á snyrtilegan hátt. Einnig samþykkti sveitastjórn að verja styrk frá Byggðastofnun , að fjárhæð kr. 300.000,- til kaupa á upplýsingakerfinu Mentor.is fyrir grunnskólann í sameinuðu sveitarfélagi.

4. Mál. Innsend erindi.

Til kynningar.

- | Norðurþing. Hugmyndir v. húsnæðismála, Félags- og skólabjónustu.
- | Backmann & Björgvinsson, máfl.st. Landamerki í Skoruvíkurbjargi.
- | Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Fyrirhuguð heimsókn ráðgjafarnefndarinnar.

- | Eyþing. Tilkyning um aðalfund Eyþings.
- | ÍSÍ. Samþykktir 68. íþróttapings ÍSÍ
- | Landgræðslusjóður. Tilkyning um styrk.

Til afgreiðslu.

- | Kristján Úlfarsson og Kristín Heimisdóttir. Stöðuleyfi fyrir smáhýsi. Sveitarstjórn samþykkir stöðuleyfi til 8. ára og er sveitarstjóra falið að tilkynna hlutaeigandi um afgreiðslu mála.
- | Guðbjörg Guðmundsdóttir. Endurnýjun leyfis til reksturs gistinga. Sveitarstjórn mælir með endurnýjun leyfisins.
- | Ríkisskattstjóri. Beiðni um upplýsingar. Björn Ingimarsson vék af fundi undir afgreiðslu á þessum lið. Oddvita falið að svara erindinu.
- | Skúli Jakobsson. Ósk um niðurfellingu fasteignargjalda vegna Langanesvegur 17. a. Samþykkt að verða við erindinu og sveitarstjóra falið að upplýsa um afgreiðslu hreppsnefndar.
- | Langanesvegur, Skoruvík – Fontur.
Sveitarstjóri kynnti kostnaðaráætlun frá verktaka vegna vegagerðar frá Skoruvík í Font. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við verktaka á grundvelli fjárveitingar á vegaáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35.

Björn Ingimarsson, ritari.